

Reykjavík 16. maí 2025


Kæra hreppsnefnd

Orkumál sveitarfélaga skipta okkur hjá Rarik höfuðmáli. Í nýlegri ársskýrslu okkar má sjá helstu framkvæmdir við uppbyggingu og endurnýjun dreifikerfis okkar, auk þess sem þar er fjallað um spennandi verkefni sem þegar eru hafin og miða að því að nýta nýjustu tækni til að bæta afhendingargetu - sérstaklega á þeim stöðum þar sem kerfið er að nálgast þolmörk.

Við höfum kappkostað að eiga gott samtal og samráð við samfélög á dreifisvæði okkar um þarfir og væntingar þeirra til Rarik. Þannig getum við best þjónað þeim sem þar búa og lagt okkar af mörkum til markvissrar uppbyggingu, öflugs atvinnulífs og blómlegrar byggðar.

Við viljum halda þessu góða samtali áfram og treystum á áframhaldandi samstarf, innsýn og stuðning. Það er okkur mikilvægt að heyra frá ykkur - hvort sem um er að ræða ábendingar, fyrirspurnir eða hugmyndir sem gætu styrkt raforkuþjónustu og þróun innviða í ykkar heimabyggð.

Með vinsemd og virðingu,



Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Rarik ohf.